

Stefnumót fyrirtækja og stofnana á heilbrigðissviði 24.06.2011

Tækifæri á auknu samstarfi við rannsóknir og nýsköpun

Björn Zoëga, forstjóri




UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN




Hagræðing á Landspítala

- Mikill árangur hefur náðst síðustu ár í lækkun kostnaðar hjá Landspítala með samstilltu átaki allra starfsmanna


Starfsmönnum og störfum hefur fækkað




Rekstrarkostnaður hefur lækkað



Dagdeildaraðgerðum fjölgar



Starfsánægja starfsmanna hefur aukist á 5 ára tímabili



Hagræðing á Landspítala

- Næstu skref í hagræðingu og bættri þjónustu munu byggja á endurhönnun helstu verkferla (Lean Healthcare / Data driven Process Improvement)
- Þróun upplýsingakerfa mun leika lykilhlutverk við að auka öryggi sjúklinga, bæta skilvirkni og minnka sóun
- Vaxandi samstarf við Færeyinga og Grænlandinga hefur gefið nýjar tekjur

STARFSÁÆTLUN 2011-2012



Við erum öll í sama liði - liði sjúklingsins

27.6.2011

Ársfundur Landspítala 2011

8


LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS


LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

GILDI

Umhyggja Við berum umhyggju fyrir sjúklingum, samstarfsmönnum og samfélagi okkar.

Fagmennska Við höfum fagmennsku, gagnreynda þekkingu og öguð vinnubrögð að leiðarljósi.

Öryggi Við leggjum öryggi sjúklinga, starfsmanna og samfélags til grundvallar í allri okkar þjónustu.

Framþróun Við leggjum áherslu á framþróun þjónustu, þekkingar og tækni.

HLUTVERK

Landspítali er sjúkrahús allra landsmanna, aðalsjúkrahús Íslands og háskólasjúkrahús

- Landspítali veitir fjölbreytta, almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu.
- Landspítali er miðstöð menntunar, þjálfunar og rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda.
- Landspítali er öryggisnet í eigu og þágu þjóðar.

FRAMTÍÐARSÝN

Landspítali er í fremstu röð háskólasjúkrahúsa. Sjúklingurinn og öryggi hans eru ætíð í fyrirrúmi.

- Menntun og vísindastarf er í fremstu röð og markvisst unnið að nýsköpun á grundvelli þekkingar.
- Landspítali er eftirsóttur vinnustaður sem veitir hagkvæma og skilvirka þjónustu byggða á bestu þekkingu sem völ er á.
- Reksturinn er gagnsær og innan fjárlaga.
- Bráðastarfsemi verður sameinuð á árinu 2016 í nútímalegu húsnæði við Hringbraut í góðum tengslum við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.
- Landspítali er stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna.

MARKMIÐ 2011–2012

Rekstur innan fjárheimilda

Öryggi sjúklinga

Skilvirkir verkferlar

Góður vinnustaður

AÐGERÐIR 2011-2012

Við innleiðum starfsáætlun og framkvæmdamenningu í samræmi við stefnu Landspítala. Við setjum okkur markmið og mælum árangur. Þannig taka allir starfsmenn þátt í að gera framtíðarsýn Landspítala að veruleika.

Rekum Landspítala innan fjárheimilda með því að dreifa ábyrgð og valdi, setja skýr og mælanleg markmið, efla kostnaðarvitund og kostnaðarstýringu, meta árangur með markvissri eftirfylgni og endurgjöf, sýna snerpu og taka strax á því sem betur má fara.

Eflum öryggi sjúklinga með skilvirkri þjónustu sem byggir á teymisvinnu, þekkingu, menntun, vísindarannsóknunum og reynslu.

Þróum skilvirka verkferla með því að kortleggja og endurhanna mikilvæg ferli. Nýtum öflug upplýsingakerfi til að einfalda verkferla og uppræta margverknad og sóun.

Sköpum góðan vinnustað sem við erum stolt af. Eflum stjórnendur og starfsmenn og búum sameiginlega til vinnustað þar sem er gott að starfa og þróast faglega. Eflum mennta- og vísindastarf til að stuðla að framþróun og tryggja hæft starfsfólk í nútíð og framtíð.

Leiðarljós: Forgangsröðun · Einfaldleiki · Eftirfylgni

LANDSPÍTALI • STARFSÁÆTLUN 2011-2012

	Rekstur innan fjárheimilda
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Landspítali rekinn innan fjárheimilda
Helstu aðgerðir 2011-2012	<ul style="list-style-type: none">• Allar starfseiningar útfæra og innleiða a.m.k. 3 aðgerðir til að lækka kostnað• Verðmerkja 10 valdar vörur á hverri einingu• Dreifstýra með skýrum rekstrarmarkmiðum• Stjórnendur og starfsmenn nýta og miðla upplýsingum um fjármál• Endurskipuleggja og innleiða vörustýringu• Áhersla á viðskiptaþróun LSH sem leið til að auka sértekjur• Afla aukins fjármagns til rannsókna og nýsköpunar
Árangursvísar	<ul style="list-style-type: none">• Skilgreina a.m.k. 2 fjárhagslega árangursvísa í hverri starfseiningu
Ábyrgð allra	Fjármál og kostnaðarstýring eru á ábyrgð allra

LANDSPÍTALI • STARFSÁÆTLUN 2011-2012

	Öryggi sjúklinga
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Efla öryggi sjúklinga með því að nýta betur gagnreynda þekkingu, rannsóknir, vísindi og rafræna skráningu• Spítalasýkingar < 5%
Helstu aðgerðir 2011-2012	<ul style="list-style-type: none">• Allar starfseiningar skilgreina og fylgja eftir a.m.k. 2 gæðavísum• Tryggja að kerfi sem halda utan um sögu sjúklinga „tali saman“• Birta og innleiða reglur um samræmda rafræna skráningu• Allir bera ábyrgð á að réttur sjúklingur sé á réttum stað á réttum tíma í réttri meðferð• Hefja undirbúning að notkun strikamerkja til að auka öryggi sjúklinga• Rafrænn aðgangur verði opnaður fyrir ábendingar sjúklinga og aðstandenda• Stjórnendur fylgja atvikum og ábendingum eftir með fyrirbyggjandi aðgerðum og umbótum• Bæta upplýsingagjöf til sjúklinga og innleiða „sjúklingaráðin tíu“
Árangursvísar	<ul style="list-style-type: none">• Skilgreina a.m.k. 2 árangursvísa sem varða öryggi sjúklinga í hverri starfseiningu og bera saman við erlendar stofnanir
Ábyrgð allra	Öryggi sjúklinga er á ábyrgð allra

LANDSPÍTALI • STARFSÁÆTLUN 2011-2012

	Skilvirkir verkferlar
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Bæta þjónustu, stytta bið og draga úr sóun• Kortleggja og endurhanna a.m.k. 2 klínísk ferli og eitt stoðferli á ári
Helstu aðgerðir 2011-2012	<ul style="list-style-type: none">• Allar starfseiningar skilgreina og endurhanna a.m.k. 2 verkferla• Allar starfseiningar kortleggja sitt innra skipulag og tengsl þess við helstu samstarfseiningar og gera umbætur þar sem við á• Virkja alla starfsmenn í nýtingu og þróun verkferla• Kenna og innleiða teymisvinnu og þverfaglega nálgun• Auka gæði útskrifta• Finna og uppræta flöskuhálsa og tvíverknað í þjónustu við sjúklinga• Þróa og nýta upplýsingakerfi til að einfalda og styrkja verkferla• Einfalda og styrkja þrjú meginverkferli 2011: Valkvæðar komur og innlagnir Göngudeildarþjónusta Vörustjórnun
Árangursvísar	<ul style="list-style-type: none">• Þróa a.m.k. 2 árangursvísa fyrir hvert verkferli sem er skilgreint og endurhannað
Ábyrgð allra	Skilvirkni er verkefni allra

LANDSPÍTALI • STARFSÁÆTLUN 2011-2012

	Góður vinnustaður
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Bæta starfsanda og starfsánægju á Landspítala• Styrkja liðsheilid á Landspítala• Standa vörð um kennslu, rannsóknir og nýsköpun
Helstu aðgerðir 2011-2012	<ul style="list-style-type: none">• Markviss starfsþróun og símenntun• Stjórnendur og starfsmenn setji sér markmið um eigin starfsþróun• Efla liðsheilid með hvatningu, endurgjöf og samstarfi innan og þvert á starfseiningar• Allir stjórnendur og starfsmenn vinni í að auka skilning og samvinnu þvert á einingar og tali fyrir stefnu og áherslum LSH• Stjórnendur hveirar einingar leiti eftir tillögum starfsmanna til að bæta starfsumhverfi og efla það sem vel er gert• Stjórnendur eru fyrirmyndir, sýnilegir og skilvirkir og veita upplýsingar og endurgjöf, m.a. með árlegum starfsmannasamtölum• Stjórnendur bera sérstaka ábyrgð á starfsanda í sinni starfseiningu• Marka og innleiða stefnu í umhverfis- og samgöngumálum• Bæta almannatengsl og gera árangur sýnilegri
Árangursvísar	<ul style="list-style-type: none">• Árleg starfsumhverfiskönnun
Ábyrgð allra	Góður starfsandi er á ábyrgð allra

27.6.2011

Ársfundur Landspítala 2011



14

LANDSPÍTALI • SKORKORT

Árangursvísar	2010	Markmið 2011
Rekstur innan fjárheimilda fjárhæðir í milljónum króna		
Rekstrarafkoma, tekjuafgangur	71	0
Launagjöld, miðað við áætlun	97	0
Önnur rekstrargjöld, miðað við áætlun	-123	0
lyfjakostnaður	-7	0
sérgreind vörukaup	-101	0
Sértekjur, miðað við áætlun	282	0
Fjöldi DRG eininga	47.623	48.000
Öryggi sjúklinga		
Spítalasykingar	7,7%	<5%
Biðlistar, fjöldi sjúklinga sem biður lengur en 3 mánuði eftir innlögn (í árslok)	1.356	1.220
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	12%	11%
Hlutfall starfseininga með virka atvikaskráningu (í árslok)	85%	100%
Þrýstingsár	-	Í vinnslu
Skilvirkir verkferlar		
Komur og vitjanir, daglegur meðalfjöldi á dag- og göngudeildir	1.411	1.552
Hlutfall innlagðra sjúklinga af bráðadeild sem leggjast inn á legudeild innan 4 klst.	23%	24%
Meðallegutími	6,7	<6,5
Hlutfall legusjúklinga sem útskrifast fyrir kl. 12:00	27%	30%
Hlutfall starfseininga sem hafa þróað a.m.k. 2 árangursvísa	Nýtt	100%
Ánægja sjúklinga	-	Í vinnslu
Góður vinnustaður		
Fjarvistir vegna veikinda starfsmanna með og án launa	6,5%	<6,5%
Starfsmannaveлта	12%	8%
Starfsánægja starfsmanna mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	4,0	4,3
Virkar upplýsingaleiðir innan LSH mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	3,3	3,7
Ánægja nemenda í starfsnámi mælikvarði þar sem 5 er besta möguleg útkoma	4,3	>4,0
Fjöldi birtra greina í ritryndum tímaritum	298	298
Visindastyrkir aflað utan LSH í milljónum króna	207	228
Fjöldi nemenda í meistara- og doktorsnámi	276	290
Fjöldi nemenda alls	1.100	1.100

Vísindastarfið á Landspítala

- Áfram öflugt vísindastarf síðustu ár þrátt fyrir mikinn niðurskurð í rekstri
- Vísindasjóður Landspítala styrkir um 100 verkefni. Alls tæplega 200 vísindaverkefni í gangi innan spítalans
- Mikið samstarf við HÍ, Decode, Hjartavernd og í vaxandi mæli við erlenda háskóla
- Klínískt rannsóknarsetur (CRC) stofnað 2010




Vísindastarfið á Landspítala

- Ritryndar greinar frá Íslandi síðustu ár
 - 90% frá Háskóla Íslands
 - 45% tengt heilbrigðisvísindum
 - Þar af 60% frá LSH

Citations index. (1.00 – “world average”)

Norænir háskólaspítalar	Tilvitnanir 2000-2005	Tilvitnanir2 005-2008	Breyting
Landspítali University hospital	1,23	1,38	0,15
University of Copenhagen Hospitals	1,17	1,33	0,16
Karolinska University Hospital	1,12	1,19	0,07
Sahlgrenska University Hospital	1,12	1,19	0,08
Helsinki University Central Hospital	1,13	1,14	0,01
University of Oslo Hospitals	1,07	1,11	0,04
Uppsala University Hospital	0,97	1,09	0,12
Aarhus University Hospitals	1,01	1,07	0,06
St.Olavs Hospital	1,01	1,07	0,06

- Um 1100 nemendur stunda nám í heilbrigðisvísindum á Landspítala árlega
- Þar af um 100 doktorsnemar og 180 meistaranemar



Aukið samstarf Landspítala og fyrirtækja


- Landspítalinn mun leggja aukna áherslu á nýsköpun og fjárhagslegan ávinning af rannsóknarstarfi
- Stefnt að auknu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um margvíslegt rannsóknar- og þróunarstarf
- Þegar unnið að auknu og breyttu samstarfi við lyfjaiðnaðinn



Aukið samstarf Landspítala og fyrirtækja

- Mikil verkefni framundan við uppbyggingu á nýja spítalanum. Nýr búnaður, nýir verkferlar, ný upplýsingakerfi, osfrv
- Þar munu liggja mikil tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki, birgja og þjónustuaðila

Sparnaður nýs Landspítala



Sparnaður 2.366 m.kr. á ári

Landspítali 2016

